



Innritunarreglur leikskólans

Skilyrði fyrir leikskóladvöl í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er að foreldrar eigi þar lögheimili og hafi fast aðsetur. Þeir sem tekið hafa ákvörðun um að flytja í Skeiða- og Gnúpverjahrepp geta sótt um leikskóladvöl þremur mánuðum fyrir flutning. Verði ekki af flutningi innan þessa tíma fellur umsóknin niður. Ef foreldrar óska eftir breytingum á dvalartíma sem nemur 4 klst. eða meira eftir að leikskólaganga hefst, ber að fylla út nýja umsókn og gilda þá sömu reglur og með aðrar umsóknir.

Foreldrar fá skriflega tilkynningu með fyrirvara um hvenær leikskóladvöl hefst. Ef foreldrar vilja ekki nýta sér leikskólaplássið frá þeim tíma sem tilkynningin segir til um, færast umsóknin aftast á biðlista.

Aldur barns ræður úthlutun þannig að eldri börn ganga fyrir yngri. Upphaf leikskólagöngu getur orðið þegar barn hefur náð eins árs aldri, séu laus pláss í leikskólanum, að öðrum kosti fer barnið á biðlista uns pláss losnar. Leikskólastjóri hefur yfirumsjón með innritun barna samkvæmt innritunarreglum. Skólanefnd sker úr um vafaatriði.

Hægt er að sækja um forgang í leikskóla til Skólanefndar .

Leiðbeinandi reglur varðandi umsóknir um forgang í leikskóla:

1. forgangur:

- fötluð börn
- börn einstæðra foreldra
- börn í elsta árgangi leikskólabarna

2. forgangur:

- börn sem að mati sérfræðinga hafa þörf fyrir leikskóladvöl
- tvítyngd börn
- börn af erlendu bergi brotin

3. forgangur:

- börn námsmanna, sem eru í a.m.k. 60% námi samkvæmt skipulagi skóla
- börn leikskólakennara og starfsmanna í föstu starfi við leikskóla Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Til staðfestingar því að foreldri sé einstætt ber að framvísa vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins. Til staðfestingar á námi foreldra skal leggja fram vottorð frá viðkomandi skóla.

Ef óskað er eftir breytingum á dvalartíma skal sækja um það hjá leikskólastjóra með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Miðast breytingin við mánaðamót. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 1 mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar. Leikskólagjaldið er greitt fyrirfram og gefur leikskólastjóri upplýsingar um gjaldskrá. Þótt barn sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir plássið.

Foreldrum er skylt að tilkynna leikskóla um breytingar á högum sínum, s.s. breytt heimilisfang, símanúmer og breytta hjúskaparstöðu.

Mikilvægt er að barnið mæti vel og stundvíslega í leikskólann og er foreldrunum skylt að virða þann tíma sem barninu er úthlutað. Barninu skal skilað í hendur starfsfólks og það látið vita þegar barnið er sótt. Foreldrar eru beðnir að láta vita ef barnið er fjarverandi t.d. vegna veikinda.

Greinist barn með óþol, ofnæmi, astma eða aðra sjúkdóma sem krefjast sérstakrar meðhöndlunar þarf leikskólastjóri að fá læknisvottorð og ítarlegar upplýsingar.

**Ath. allt starfsfólk leikskólans er samkvæmt lögum bundið þagnarskyldu.
Þagnarskylda samkvæmt lögum nær þó ekki til atvika þar sem starfsmanni ber skylda til að tilkynna samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.**